


Alþingi
Erindi nr. P 138/1530
komudagur 7.4.2010

Alþingi
Félags- og trygginganefnd
107 REYKJAVÍK



Persónuvernd

Rauðarárstíg 10 105 Reykjavík
sími: 510 9600 bréfasími: 510 9606
netfang: postur@personuvernd.is
veffang: personuvernd.is

Reykjavík, 29. mars 2010

Tilvísun: 2010030250PS/--

Persónuvernd vísar til tölvubréfs félags- og trygginganefndar Alþingis frá 1. mars 2010 þar sem óskað er umsagnar um frumvarp til laga um vinnustaðaskírteini (þskj. 686, 382. mál á 138. löggjafarþingi). Frumvarpið lýtur að vinnustaðaskírteinum með nöfnum og kennitölum atvinnurekenda eða öðrum auðkennum þeirra og nöfnum og kennitölum starfsmanna ásamt mynd af viðkomandi, sbr. 3. mgr. 3. gr. frumvarpsins. Segir að samtök aðila vinnumarkaðarins semji um það í kjarasamningum sínum á milli hvaða atvinnugreinar og störf falli undir skyldu til að notast við þessi skírteini hverju sinni, sbr. 2. mgr. 1. gr. Samkvæmt 2. gr. frumvarpsins yrði markmið laga á grundvelli þess að stuðla að því að atvinnurekendur á innlendum vinnumarkaði og starfsmenn þeirra fari að gildandi lögum og reglum. Í 4.–7. gr. frumvarpsins er fjallað um það hvernig þessu markmiði er fyrirhugað að ná með eftirliti aðila vinnumarkaðarins og opinberra stofnana.

Ekki eru gerðar athugasemdir við efni frumvarpsins.

Virðingarfyllt

A handwritten signature in black ink, appearing to read 'Þórður Sveinsson'. The signature is fluid and cursive, with the first and last names clearly distinguishable.

Þórður Sveinsson